

Mitt hverfi – mín borg

Niðurstöður hverfafunda

Opin hús í 10 hverfum borgarinnar
í október og nóvember 2009

**Viðauki III:
Ábendingar sem komu fram í
hugmyndasmiðju**

LAUGARDALUR

1. Flækja í kringum sundlaug.
2. Vantar bekki á göngustíga.
3. Allan LHÍ á Laugarnes.
4. Koma á góðri hjóla- og göngustígatengingum á milli Laugarnestanga og Laugardals.
5. Byggja á reitnum milli Sæbrautar og Holtagarða (verslunarmiðstöðvar) eða gera að grænum reit.
6. Iðnaðarhverfið í kringum Súðarvoginn býður upp á mikla möguleika – blönduð byggð iðnaður + lítil fyrirtæki + íbúðir. Endurskilgreina deiliskipulagið þannig að það ýti undir þróunina í þess átt – gæti orðið nýr miðbæjarkjarni, spennandi líflegt hverfi, sbr. eins og hefur gerst í kringum Sægreifann.
7. Skilgreina þarf betur opin svæði í hverfinu og merkja sérstaklega inn á uppdrátt.
8. Loka akstursleið frá Laugardalsvelli að Þróttaravelli.
9. Ókeypis aðgangur á að vera í Húsdýragarð, býður upp á aukna aðsókn og meiri vetingasölu.
10. Setja og bæta lýsingu á stíg meðfram tjaldstæði (neðan við Laugarásveg).
11. Minnka umferðarhraða á Hofteigi milli Reykjavegar og Gullteigs.
12. Loka fyrir umferð bíla inn á skólalóð Laugarnesskóla.
13. Búa til opið “villt” svæði á Blómavalsreit, tímabundið allavega næstu 1-3 árin.
14. Hugsa í minni einginum – litla þjónustukjarna, ekki stórar kassabyggingar eins og Holtagarða, þetta byggð, aukið líf í Laugardal á veturna í myrkrinu.
15. Skapa skilyrði fyrir fleiri hverfisbúðir – huga að því smáa.
16. Ekki bara stórmarkaði – hvar er dótabúðin í hverfinu?
17. Tjaldsvæðið – skemmtilegt að til sé tjaldstæði nánast í miðju hverfi.
18. Merkja inn á og afmarka “hverfin” á uppdrátt; Vogar, Heimar, Langholt o.s.frv. – hverfishlutar Laugardals
19. Túnin fúnkera illa sem hluti hverfisins bæði samfélagslega og umhverfislega. Tilheyra frekar miðborg í hugum fólks, skorið af frá Kringlumýrarbraut.
20. Gangstéttin á Dalbraut 14-20, þar er skilti, þar er of hár gangstéttarkantur, lausar hellur sem er stórhættulegt.
21. Í Borgartúni er alltof mikið af bílastæðum, en ekki fyrir gangandi fólk og hjól.
22. Gera Skeifuna meira aðlaðandi og hlýlegri fyrir þá sem þar koma.
23. Brettavöllurinn núna við Laugalækjarskóla – þar er hávaði fyrir íbúa, völlurinn var ekki kynntur fyrir nágrönnum (vond stjórnsýsla), gæti frekar verið við Þrótt og á fleiri stöðum.
24. Merkja sögustaði í hverfinu betur, t.d. við laugarnar o.fl.
25. Bætt aðgengi að sjá fyrir framan Kirkjusand og við Laugarnes.
26. Ekki fleiri turna.
27. Ef “dönsku” Eykarblokkirnar við Skúlagötu og Höfðaturninn verða endurgerðir í Laugarnesi þá er Reykjavík engu betri en kópavogur.
28. Samþætta byggð – götur – hús – mannlíf. Opna götur dreifa umferð – hægja á umferð og gera þannig göngu- og hjól umferðarvænni.
29. Setja “róluhring” á skólalóð Laugalækjarskóla þar sem unglíngarnir róla mörg saman, þetta finnst þeim gaman og að “chilla” saman í rólum.
30. Banna verslunarrektstur milli 23.30 – 07.00.

31. Búið að valta yfir Túnin. Skipulagið er ónýtt og ekkert þarna fyrir íbúa. Fleiri fyrirtæki eða blokkir eða taka þetta svæði í gegn og mynda einhverja hverfisheild.
32. Mikilvægt að samþætta grænu svæðin frá Laugardal í Elliðaárdal í Miklatún – stefna að styrkingu grænna svæða.
33. Grænna yfirbragð á allri byggð meðfram götum.
34. Borgarmiðað umferðarskipulag.
35. Styrkja kjarna hverfisins.
36. Blandaða byggð og atvinnustarfsemi, þetta byggðina og skapa rými fyrir atvinnustarfsemi, þ.e. lítil fyrirtæki og mótula.
37. Sérstaða hverfisins er útivist-íþróttir og menning.
38. Opna götur og halda 30 km greiða umferð um allt hverfið, engar safngötur.
39. Fjölbreytta menningar- og íþróttastarfsemi í Laugardal.
40. Fjölnota leiksvæði líka fyrir unglina svo sem Sólheima / Gnoðarvogs leikvöllinn + fullorðna.

GRAFARVOGUR

1. Aðgengi að Egilshöll er ekki með neinum stígum, krakkar eru í hættu að gana þar fyrir umferð.
2. Gera hverfið barnhæfara, t.d. betri lýsingar, fallegrri fótbolta- og körfuboltavelli og nýta allt hitt plássið.
3. Fleiri ljósastaura í Rimahverfið.
4. Vantar gervigrasvöll í Húsaskóla.
5. Gera umhverfið fallegru t.d. slá grasið, planta trjám eða blómum. Fara líka vel með það og sjá reglulega um það.
6. Fjölnota útivistarsvæði í Gufunesið.
7. Það vantar á suma leikvöllina í hverfinu ljósastaura, því það sést ekkert þar á veturna í myrkrinu.
8. Vatnsbrautagarð í Grafarvog.
Fá gangbrautir í Langarima.
9. Spítala í Grafarvog.
10. Fleiri leiktæki.
11. Það vatnar ókeypisskemmtun eins og skemmtigarðinn, bara sem er frítt.
12. Það vantar gangbrautir í Langarima.
13. Eitt stk. Kringlu í Grafarvoginn.
14. Krakkar undir 16 eða 18 ára eiga að fá frítt í strætó.
15. Fá djúsvélar og mjólkurvélar í skóla.
16. Fleiri boltavelli.
17. Fá hraðamyndavélar í Rimahverfið.
18. Fá tívolí í Grafarvoginn.
19. Fleiri fótbolta og körfuboltavelli.
20. Ýmislegt mætti bæta í hjörtu hverfisins, þ.e. Spönginni og Egilshöll.
21. Frístundahús í Gufunes.
22. Frítt í sund fyrir 16 ára og yngri.
23. Lengri útivistartíma á sumrin og veturna.
24. Það þarf oft að skipta um ljósaperur allsstaðar.
25. Það mætti hirða betur um fótboltavöllina, það eru oft glerbrot og hundaskítur á þeim.
26. Grafarvogur verði sjálfstætt bæjarfélag.
27. Meiri trjágróður meðfram götum vestur og austur, gefur skjól fyrir norðanátt.
28. Fækka bensínstöðvum.
29. Sundabraut í Brú leið I.
30. Bæta aðgengi út í Viðey og Geldinganes.
31. Meiri samvera íbúa á ýmsum tímamótum.
32. Fleiri göngustígar.
33. Lækkun gróðurs á hringtorgum (skapar slyshættu).
34. Akvegur áframhald frá Borgarvegi á Korputorg.
35. Fleiri gangbrautir, fólk heldur oft að hraðahindranir séu gangbrautir.
36. Göngubrú/hjóla yfir Korpu á milli Egilshallar og Korputorgs fyrir Egilshöll þegar uppákomur eru þar.
37. Alls ekki byggð á Keldnaholtsreit – það er svo mikið og fjölbreytt fuglalíf.
38. Útrýma allri lúpínu sem skriður yfir allt og er búin að eyðileggja mikið af lynggróðri.
39. Gróðursetning í kringum Húsahverfi.

40. Gufunes nýta meiri og styrkja fjöruna á milli Grafarvogs og Geldinganes ef við ætlum að byggja þar.
41. Skólalóðir grunnskóla er vannýtt svæði í hverfunum eftir lók skóladags. Gera þarf skólalóðir meir aðlaðandi og fjölga leiktækjum og bekkjum svo að fjölskyldur geta notað svæðin t.d. um helgar. Meiri gróður og græna bletti á skólalóðirnar.
42. Vantar almenningasgarð í hverfið.
43. Fullorðið fólk vill sitja á bekkjum innan um gróður.
44. Menningarmiðstöð.
45. Fleiri staði merkt með örnefnum og menningarminjum, þar sem í Grafarvogi er mikið af gömlum stöðum, setja skilti jafnvel e-h upplýsingar – þannig væri fólk eitthvað meðvitaðra um umhverfið sitt.
46. Heildstæður grunnskóli í öllum hverfum Grafarvogs.
47. Byggja nýtt íþróttahús, mikill skortur á slíku.
48. Setja þak yfir grasið á Gufunesi og innréttu þar tónleikahöll, svipað og sk. Klettakirkja í Helsinki.
49. Vantar veg út frá veginum á milli Húsahverfis og Kirkjugarðs að Korputorgi, hringtorginu þar.
50. Leyfa listamönnum/konum Grafarvogs að setja eitt listaverk á hverftorg innan hverfisins.
51. Merkja betur umferðargöturnar.
52. Klára göngustíg sem liggur að Húsahverfi, fyrir neðri Suðurhús.
53. Setja bílastæðin í Spönginni niður í jörðina og byggja upp fallett torg þar sem bílastæðin eru í dag, nk. Austurvöllur í Grafarvogi.
54. Svæðið vestan við Spöngina, aftan við Bónus gæti nýst a.m.k. 3 hverfum fyrir ýmsa íþróttavelli. Með því að reisa girðingar í kringum svæðið er hægt að hafa ýmsa möguleika á að byggja upp gott opið svæði sem nýtist Rima-Borga og Víkurhverfi.

ÁRBÆR

1. Aðgang í Grafarholt yfir að Rauðavatni í Frístundamiðstöð.
2. Rauðhólar + Rauðavatn tengir hverfin Grafarholt, Árbær og Norðlingaholt með frístundir, tómstundir, íþróttir, náttúru og menning.
3. Fleiri hjólagötur.
4. Stærra hjólabrettapark.
5. Fleiri hátíðarljós.
6. Rauðavatn fyrir báta, mótorgross, gönguleiðir, frístundamiðstöð, kaffihúsaáðstöðu, listamiðstöð, fylkir.
7. Göngustígur meðfram blokkunum við Hraunbæ er alltof nálægt anddyrunum þar, þarf að færa fjær þegar þeir verða endurnýjaðir. Mjög auðvelt í framkvæmd víðast hvar.
8. Klukka í strætóskýli.
9. Skýli meðfram stíg upp Elliðaárdal til að sækja í ef kemur úrhelli.
10. Bío í hverfið.
11. Eftir 50 ár er búið að mjókka Suðurlandsveg í tveggja akreina veg, 30 km klst., (eða 2+1) alla leið. Rútur eða lestir eiga að tengja Reykjavík og Suðurland.
12. Þrektæki á völdum stöðum meðfram stígum.
13. Stærsta sundlaug Íslands í Árbæinn.
14. Setja gönguljós á mótum Bæjarbrautar og Hraunbær, mikið af bílum á álagstímum.
15. Menntaskóla í hverfið.
16. Stærri hjólabrettapark.
17. Vatnsgarð í hverfið.
18. Allir ljósastauar verði appelsínugulir.
19. Hætta að eyða peningum í endalausum fótoltavelli.
20. Stærra park/hjólabretta/BMX stökkpall.
21. Frjálisíþróttavöll.
22. Sparkvellir um allt hverfið.
23. Skólabíll.
24. Hafa samræmi á milli háleitra markmiða í texta aðalskipulas og útfærsla, sérstaklega að byggja fyrir fólk fremur en bíla.
25. Fá hita í strætóskýli.
26. Grasvöll upp í Selás.
27. BMX svæði.
28. Hesta áfram í Víðidal.
29. Sérsvæði til að viðra hunda (í Hólmsheiði) annars alla hunda í bandi.
30. Í Ártúnsholti átti að vera hverfisverslun en var svo breytt í íbúðir – vond þróun.
31. Upplýsingaskilti með fuglamyndum með uppl. og um algenga fugla í Elliðaárdal.
32. Útivistar- og íþróttasvæði við Rauðavatn, bæta aðgengi frá Grfarholti að svæðinu.
33. Leiktæki fyrir eldri krakka.
34. Aðgreina reiðstíga og umferð vélhjóra.

BREIÐHOLT

1. Betri tengingar á stígum t.d. frá Fellahverfi í Grafarvogi alveg að Spöng.
2. Betri og þéttari strætósamgöngur jafnvel á sunnudögum.
3. Leiksvæði í Stekkjahverfi – fótboltavöll, leiktæki o.fl. – einnig má hugsa betr um og laga möl sand o.fl.
4. Hverfiskjaranr hafa horfið – allt komið niður í Mjódd.
5. Vandamál hafa orðið til vegna skipulagsins sem var gert 1965 (62-83 masterplan) – bílaskipulag.
6. Ekki þetta byggð í Breiðholti.
7. Skikka húseigendur að hugsa betur um lóðir sínar eins og í miðbænum.
8. Blönduð byggð.
9. Sérfræðingar og íbúar taka meiri þétt í skipulagsmálum og hafa meira um að segja.
10. Hjólabrettapark í Suður-Mjódd.
11. Miðsvæði í Neðra-Breiðholti þarf að gera meira kósí – hanna út frá vetrarveðri.
12. Manirnar meðfram Breiðholtsbraut eru til fyrirmyndar.
13. Grisja þarf í Elliðaárdalnum – þannig að þetta verði útvistarskógur.

GRAFARHOLT - ÚLFARSÁRDALUR

1. Bekki meðfram göngustígum.
2. Verndarsvæði við Úlfarsá. Hvernig verður tryggt að svæðið haldi náttúrulegum gæðum.
3. Skíðasvæði innanhúss (og bendir á Bauhaus)?
4. Útivistarsvæði í Úlfarsfelli (við rætur fjallsins) með kaffihúsi, aðstöðu fyrir útivistarfólk / hundafólk og náttúrugarður (náttúruleiktæki), t.d. leikföng í lækjarsprænu (tilbúinn lækur) og klifurgrindur.
5. Fjölga þarf trjágróðir og fleiri bekki.
6. Strandblakvöllur með skjóli, s.s. úr gróðri.
7. Fallegrí og betri hönnun á battavöllum.
8. Vatnsrennibrautagarð.
9. Skíðasvæði.
10. Sundlaug.
11. Blómabeð, hjólastíg, íþróttahús, ævitnýri, bíó, skemmtigarð, dýragarð, veitingastað, meiri hús, fá fleira fólk, fallett útsýni (skrifað af 14 ára íbúa).
12. Brettasvæði fyrir unglunga
13. Hjólreiðastíg fyrir unglunga
14. Íþróttafélag í Grafarholt – betri íþrottaaðstöðu.
15. Hesthúsahverfi.
16. Sund- rennibrautar – sædýragarð.
17. Sundlaug sem fylgir landslagi, vatnsrennibraut.
18. Vantar gróður, sundlaug, tívólí, vatnsgarður, bíó, útileikföng t.d. rennibraut.
19. Bæta battavöll við Ingunngarskóla – jafna veggina á vellinum og klára fráganginn.
20. Vantar skemmtigarð, bíó og sundlaug.
21. Skautasvell og skíðaganga og spa fyrir gönguskiðafólkið (eða finnska sánu)
22. Betri aðstöðu fyrir klúbbastarfsemi
23. Fjölga verslunum
24. Fjölga þjónustu
25. Hótel og veitingarekstur – túrisma – atvinna. Gæti verið í heimsklassa.
26. Það mætti taka betur til í hverfinu.
27. Stofnbraut / Tengibraut í Hlíðum Úlfarsfells. Hvernigur loft- og hljóðgæði tryggð? Tryggja þarf góðar tengingar úr dalnum, um hverfið og upp í Úlfarsfell.
28. Bíó.
29. Hér eru góðar samgöngur, hitaveita aðalæð, rafmagnsæð og frábær staðsetning undir Úlfarsfell, tengja þetta við skíðasvæði.
30. Skautasvell í stað tankana.
31. Hraðbanki – sundlaug – göngustígar – íþróttahús.
32. Að hverfið verði sjálfbært með helstu þjónustu og að koma upp húsi með aðstöðu fyrir menningu, tónlist, dans o.fl.
33. Kunsthalle í Grafarholt – fyrirmynd t.d. Hamburger Kunsthalle Berlín.
34. Fá fleiri fólk – fá fleiri staði til þess að hafa gaman, t.d. bíó, skautahöll, dýragarð
35. Draumahverf: Þar er fullt af fólki úti, líf í hverfinu, hesthúsasvæði, bíó og keilusalur, félagsmiðstöðvar, minna af bílum, meiri hjól og þá minni mengun.
36. Árbær vs. Grafarholt – miklu skemmtilegra að búa í Árbæ heldur en Grafarholti, þar var styttra í skólann fyrir alla, engar brekkur og meira líf. Skrifað af 15 ára.

37. Verður framhaldsskóli? Og hvar verður hann þá settur.

HÁALEITI

1. Græn svæði eru líflaus
2. Sundlaug við Sléttuveg – Vatnagaður Reykjavíkur
3. Endurhanna skólalóðina í Réttarholtsskóla þannig að íbúar og nemar hafi stolt fyrir skólanum og skapar betri umgengni
4. Umferð í gegnum íbúðarhverfi er vandamál
5. Hraðahindranir
6. Loka Síðumúla upp í Fellsmúla
7. Hraðatakmandi aðgerðir í Hvassaleitið

HLÍÐAR

1. Skottmarkaður á hverjum laugardegi – á Kjarvalsstaða planinu.
2. Gera sundlaug í Einholt/Þverholt gatið eða LHÍ eða Elliheimili.
3. Ekki byggja á Miklatúni.
4. Gervigras og boltagerði í Háteigsskóla.
5. Sundlaug við hliðina á Veðurstofunni.
6. Nýta Öskjuhlíðina betur – t.d. betri “sjáanlegri” aðkomu/bílastæði og greinilegra aðgengilgra göngusvæði, göngubrautir o.fl.
7. Fleiri íþróttir í kringum Hlíðarenda með eða án aðkomu Vals.
8. Fá sundlaug í hverfið, t.d. við Hlíðarenda og ekki gera ráð fyrir bílastæðum.
9. Fá tónskóla í skólana eða í hverfið.
10. Opnara kaffihús á Miklatúni.
11. Skautasvell á veturna á Miklatúni.
12. Betri göngustígar í Öskjuhlíð.
13. Passa upp á Öskjuhlíðina – ekki fleiri HR, passa upp á lífsgæði hverfisins.
14. Gjaldhlið fyrir að keyra hingað inn í hverfið á morgnanna.
15. Gjaldskyld bílastæði á nokkrum stöðum í hverfinu.
16. Miklabraut í stökk.
17. Þrengja Lönguhlíðina.
18. Hugsanlega umferðarmanir meðfram Lönguhlíð og Miklabraut.
19. Bæta almenningsamgöngur.

KJALARNES

1. Útivistæði í Blikadal og utanverðu Kjalarnes
2. Vantar hjólastíg sem tengist Reykjavík
3. Fjölbreyttari búsetumöguleikar í Reykjavík
4. Vantar verslun og þjónustu fyrir Kjalnesing, kjarna vantar t.d. hjá áhaldahúsinu (loftorka)
5. Meiri þjónusta í byggðina
6. Útikennslustofa og lítið torg (samkoma) með tjörn
7. Setja grjótgarða – hættulegt á Kléberginu
8. Vantar vindmanir Esjugrund
9. Að póstnúmer 116 fái að njóta núverandi sérstöðu með ómenguðu landrými og að íbúarnir allir geti tengst sín milli án bílsins, þ.e. göngu-, hjóla-, skíði-. Að hverfið geti einnig tengst öðrum hverfum / bæjarfélögum á þennan hátt. Með þessu móti tengist deiliskipulag fyrir útivistarsvæði Kollafjörðu / Mógilsá á mun markvissari hátt alls hverfisins.

MIÐBORG

1. Torg með bekk fyrir framan Baldursgötu 31 - bílar leggja þar ólöglega, nánast torg þar núna.
2. Hafa miðborgina sérstaka með óvenjulegum fyrirbærum, t.d. heita potta / útispa í bakögrðum á Laugvegi eða við Lækjartorg.
3. Skylda eigendur gamalla húsa í miðborg til að halda þeim við.
4. Greiða listamönnum fyrir að mála og skreyta hráa húsagafla miðborgar.
5. Gera Laugaveg að göngugötu á sumrin, með útikaffihúsum.
6. Búa til fallett fjölskylduvænt svæði í Hljómskálagarðinum.
7. Loka Laugavegi frá Hlemm og niður úr fyrir umferð og einnig neðrihluta Skólavörðustígs, hugsanlegt gætu þó litlir rafvagnar keyrt þessa leið.
8. Fegra hafnarsvæði.
9. Meiri lýsingu allt árið (ekki bara um jól) til að fegra og fyrir betri andlega líðan.
10. Jólamarkað kringum Hallgrímskirkju.
11. Fegra hringtorg, lýsa upp skúlptúra eða byggingar, jafnvel í lit.
12. Nota minna af gráum lit, grárri steypu, nota liti sbr. rauð mól hjá Þjóðarbókhöllu.
13. Fá strætó (rafbíla) sem gengur um hverfið, t.d. fyrir börn sem búa í Skólavörðuholti og stunda frístundir hjá Val eða Tónmenntaskóla.
14. Þetta byggð við flugvöll - blandaða byggð við hafnarsvæði.
15. Almenningsamgöngur sem virka.
16. Sporvagna í miðborg - nota rafmangið.
17. Halda í grænu svæðin í miðborginni.
18. Leyfa Slippnum að halda sér, það er ótrúlega sérstakt að sjá skip uppi á þurru landi inni í miðri borg, frábærlega einstakt og við megum ekki klúðra því.
19. Votlendisgarð í Vatnsmýri - við Norræna húsið.
20. Beina umferð frá helsta kjarna, þ.e. ekki sovna þunga og hraða umferð í bænum.
21. Búsetuskylda í tóm hús, annars sektir.
22. Hjólandi og gangandi eiga að hafa forgang fram yfir bílinn.
23. Fleiri græn svæði, mega vera stór og smá.
24. Klárlega að þetta byggðina.
25. Miðborgin skal vera sjálfbær.
26. Fleiri listaverk á gaffla sbr. þau sem eru í Þingholtunum.
27. Flugvöllinn burt.
28. Minnka bílaumferð, sem hlýtur eiginlega að gerast eftir 50 ár út frá umhverfisáhrifum.
29. Almenningsamgöngur sem virka, Hlemmur beintengdur öðrum stöðum borgarinnar með umhverfisvænum samgöngutækjum, t.d. rafmagnsstrætó - sporvögnum.
30. Útisundlaug, t.d. í stað 10-11 bílastæðis við Hverfisgötu.
31. Nýta Hljómskálagarð betur, t.d. með því að færa eitthvað af gömlu húsunum þangað og virkja þessi hús fyrir handverksfólk o.fl.
32. Vantar í miðborg ódýr atvinnuhúsnæði fyrir lítil fyrirtæki, má vera t.d. einhverskonar sambýli smærri fyrirtækja.
33. Útvíkka nágrannavörslu, gera fólk meðvitaðra um umhverfið sitt.
34. Það þarf að nota "dauðu" svæðin í borginni betur, líkt og var gert við "Hjartatorgið" við laugaveg.
35. Bæta gönguleið úr miðborg yfir á háskólsvæðið, öruggari leið yfir Hringbraut.
36. Skýla Skothúsvegi með runnum/trjám.

37. Færri og minni strætóa inn í miðborg, svona á mannlegri / vinalegri skala.
38. Hlúa betur að sögunni í miðborg.
39. Minnka bílaumferð í miðborg.
40. Fleiri opin rými þar sem fólk getur komið saman.
41. Líflegri sjávarsíðu, kaffihús, fisksalar, markaðir.
42. Lífga við Hljómskálagarðinn - setja þar fleiri leiktæki fyrir börn, skautasvell á veturna og uppghitaðan sparkvöll.
43. Almennt vantar betri aðstöðu fyrir börn í miðborginni.
44. WC í Hljómskálgarð.
45. Vernda fallegu ljótu, gömlu hús í miðborg.
46. Sjá til þess að miðborgin sé fyrir íbúa þess og síðan gesti, ekki öfugt.
47. Öll bílastæði í miðborg verði gjaldskylt.
48. Torg sem nú eru bílastæði verði endurheimt og gerð að torgum.
49. Þetta byggð í kringum Hallgrímskirkju.
50. Hugsa þarf að þörfum fjölskyldufólks í miðborg, þar hefur orðið mikil fækkun fólks í miðborg.
51. Varðveita skal þann fjölbreytileika sem að byggingar miðborgar einkennast af.
52. Halda í þéttan byggingarskala.
53. Það er hægt að byggja nýtt í sátt við umhverfið í kring án þess að herma eftir byggingarstílum liðinna tíma, þurfum að vera trú okkar samtíma í byggingarstíl - menningararfur framtíðarinnar.
54. Flugvöllinn burt strax - það er borgarmál ekki landsbyggðarmál.
55. Fleiri leiktæki á skólalóðina í Austurbæjarskóla, og strætóskýli á þessu svæði.

VESTURBÆR

1. Torg milli Hagatorgar og kirkju.
2. Stórt og mikið náttúrugripasafn.
3. Skautasvæði.
4. Opin náttúruleiksvæði.
5. Stórir garðar með háum trjám sem verja gegn vindi.
6. Melaskóli - Selið byggja fyrir selið á sama stað og skúrarnir eru.
7. Frábært hverfi sem erfist á milli kynslóða.
8. Frístundamiðstöð - "Hús frítímans" á lóð við Vesturbæjarlaug.
9. Hagatorgið gert að útivistarsvæði fyrir almenning, þarna fer allt of stórt svæði undir bíla - svæði sem ætti að nýta í þágu fólksins í hverfinu. Áfram mætti aka Birkimel og áfram Dunhaga en aðrar leiðir yrðu þá lokaðar frá torginu.
10. Stækka lóð við Melaskóla.
11. Sundlaugartún - ekkert World Class, heldur garður þar sem hægt er að hreyfa sig úti og leika sér.
12. Sparkvellir - vantar norðan Hringbrautar, 2-3 litlir 40-50m fyrir unga krakka.
13. Tveir kofar við Vesturbæjarskóla, ekki bjóðandi fólki hvað varðar umhverfi og starfssemi, auk þess ósmekklegt.
14. Burt með flugvöllinn.
15. Betri almenningsamgöngur.
16. Fleiri sígræn tré í kringum Hagatorg - Háskóla, Grenimel, Furumel þar sem er mikill steinsteypur massi eða malbik.
17. Hverfispöbb í hverfið.
18. Öðruvísi leikvellir en eru í dag fyrir börn.
19. Láta Slippinn vera þar sem hann er og búa þar til fallett útivistarsvæði. Alls ekki byggja við Slippinn.
20. Flugvöllurinn á að vera þar sem hann er í dag.
21. Heildurskipulag á einstefnugötum og 30 km götum - ekki þessa hentistefnu sem hefur tíðkast til þessa.
22. Nýta sundlaugartúnið betur, t.d. stækka stundlaugina.
23. Sparkvöll í hverfið og hjólabrettagarð eða nokkra rampa.
24. Gera grænu svæðin aðeins flottari svo þau dragi að fólk.